


Jafnréttisáætlun



Leikur einn
LEIKSKÓLINN ÖRK

Rangárpíngi Eystra

Jafnréttisáætlun leikskólans Arkar

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, Jafnréttisstefnu Rangárpings Eystra og Aðalnámskrá leikskóla.

Í 65. gr. laga nr. 33/1944 í jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar segir *“Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna”*. Mikilvægt er að tryggja jafnrétti í víðum skilningi til að hæfileikar allra fái notið sín og leikskólinn njóti þess mannauðs sem býr í hverjum og einum. Lögð er áhersla á að komið sé fram við fólk af virðingu og á uppbyggilegan hátt og lagst gegn hvers konar einelti. Í leikskólunum er unnið gegn viðhorfum sem leitt gætu til aðstöðumunar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar. Markmiðið er að stuðla að jöfnum möguleikum og tækifærum kynjanna til náms og þroska, hvort heldur í leik eða starfi.

Megin markmið jafnréttismenntunar

- Að gæta jafnréttis í öllu starfi.
- Að koma fram við alla kennara, foreldra og nemendur af virðingu.
- Að efla jafnréttisfræðslu og samþætta kynjasjónarmið í kennslu.
- Að stuðla að jafnrétti kynjanna á sem víðtækustum grunni.



Nemendur

Í Leikskólanum Örð skal gæta þess að:

- mæta þörfum sérhvers barns óháð kyni og tryggja að drengir og stúlkur hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar.
- leikföng, viðfangsefni og efniviður höfði til beggja kynja.
- unnið sé markvisst gegn staðal ímyndum. s.s. í bókum, textum og daglegri umræðu.
- Stuðlað sé að því að börnin upplifi það eðlilegt að bæði kyn vinni hin ýmsu störf í samfélaginu og innan heimila.
- tryggt sé að kennsluhættir/kennsluaðferðir séu fjölbreyttir.

Aðgerð: Fjölbreyttir kennsluhættir. Við innkaup og mótun kennsluefnis skal stuðla að því að það höfði til allra nemenda.

Ábyrgð: Skólastjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn leikskólans.

Mat: Stafsmannakönnun lögð fyrir í nóvember hvert ár. Skráning á hugmyndum barna –gerð að hausti og vori.

Foreldrar/ Forráðamenn

Í Leikskólanum Örð skal gæta þess að:

- Stuðla að góðu sambandi við báða foreldra.
- Hvetja báða foreldra til þátttöku í skólastarfinu.

Aðgerð: Stuðlað skal að því að jafnvægi sé í samskiptum við foreldra barnanna. Öll bréf sem fara til foreldra skulu stíluð á báða foreldra og hafa skal samband jafnt við báða foreldra þegar þarf að ræða málefni barna t.d. vegna veikinda þeirra, foreldrasamtala o.fl. Að hlutfall kynjanna verði sem jafnast í stjórn foreldrafélags og foreldraráði leikskólans.

Ábyrgð: Skólastjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn leikskólans.

Mat: Skólastjórar kanni reglulega hvort og hvernig unnið sé samkvæmt þessari aðgerð. Könnun lögð fyrir foreldra á vorönn annað hvert ár. Könnun varðandi samstarf við foreldra október ár hvert.

Starfsfólk

Í Leikskólanum Örsk skal gæta þess að:

- feður jafnt og mæður taki á sig fjarveru vegna veikinda eigin barna.
- greiða konum og körlum jöfn laun, þau skulu njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf.
- starfsfólki sé veitt fræðsla um jafnréttismál.
- leitast við að jafna hlutfall karla og kvenna á vinnustað.
- sí og endurmenntun sé aðgengileg og við hæfi hvers og eins.
- temja sér orðfæri sem höfðar jafnt til beggja kynja.
- lögð sé áhersla á jákvætt andrúmsloft og mannauður nýttur og öll framlög og hugmyndir njóti virðingar.

Aðgerð: Námskeið frá jafnréttisstofu eða kynjafræðing á starfsdegi. Auglýsa sérstaklega eftir því kyni sem hallar á. Útbúa starfsmannastefnu.

Ábyrgð: Skólastjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn.

Mat: Starfsmannakönnun lögð fyrir í nóvember hvert ár.

Kynferðisleg áreitni og kynbundið ofbeldi

Kynferðisleg áreitni líðst ekki í Leikskólanum Örsk. Verði einhver fyrir slíkri framkomu er sá hinn sami hvattur til að tilkynna það leikskólastjóra, deildarstjóra eða trúnaðarmanni. Sé yfirmanni eða trúnaðarmanni gert viðvart um slíka hegðun ber viðkomandi að binda enda á hana í samráði við yfirmenn stjórnarsýslunnar.

Kynferðisleg áreitni er kynferðisleg hegðun sem er ósanngjörn og /eða móðgandi og í óþökk þess sem fyrir henni veður, hefur áhrif á sjálfsvirðingu þess eða þeirra sem fyrir henni verða og er haldið áfram þrátt fyrir að gefið sé skýrt í skyn að hegðunin sé óvelkomin. Kynferðisleg áreitni getur v erid líkamleg, orðbundin eða táknað. (sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 69/2000, 17. gr.

Eitt af markmiðum jafnréttislaga er að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Samkvæmt skilgreiningu laganna er kynbundið ofbeldi „ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjóninga þolanda, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi“.

Í Leikskólanum Örsk skal gæta þess að:

- vera á verði gagnvart því sem starfsmaður getur skynjað sem kynferðislegt áreiti.
- koma í veg fyrir kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi

Aðgerð: Námskeið frá jafnréttisstofu eða kynjafræðing á starfsdegi. Fylgja áætlun gegn kynferðislegu ofbeldi.

Ábyrgð: Skólastjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn.

Mat: Stafsmannakönnun lögð fyrir í nóvember hvert ár.

Einelti

Einelti er skilgreint sem ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Starfsfólk þarf að gera sér grein fyrir því að einelti hefst oft strax í leikskóla. Einelti er oft tengt við eldri börn en samt sem áður byrjar eineltið oft strax í leikskóla þó svo að það fari ekki að ágerast verulega fyrr en í grunnskóla.

Einelti meðal starfsmanna getur birst m.a. í misnotkun valds/ofstjórnun, með óréttmætri starfstengdri gagnrýni, meiðandi sögusögnum er komið af stað, starfsmaður er lítillækkaður, útilokaður eða tekinn fyrir, starfsmanni er hótað eða starfsmaður er beittur líkamlegu ofbeldi.

Í Leikskólanum Örsk skal gæta þess að:

- starfsfólk sé meðvitað um einelti og leggi sömu merkingu í skilgreiningu á einelti.
- starfsfólk þekki einkenni eineltis og kunnir að bregðast við.
- forvarnarstarf gegn einelti sé stöðugt.
- talað sé um annað starfsfólk, nemendur og foreldra af virðingu.

Aðgerð: Endurvekja núverandi eineltisáætlun og útbúa aðgerðaráætlun. Starfsfólk fær fræðslu um einelti og samskipti á vinnustað.

Ábyrgð: Skólastjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn.

Mat: Starfsánægjukönnun lögð fyrir af öryggisfulltrúum einu sinni á ári. Jafnt og þétt yfir árið í gegnum mat á skólastarfi.

Eftirfylgni og endurskoðun

Áætlun þessi er unnin skólaárið 2014-2015 af Erlu Berglindi Sigurðardóttur, Hlín Albertsdóttur og Maríu Rúnarsdóttur.

Áætlunin tekur gildi 1. apríl 2015 og gildir til 1. apríl 2017.

Áætluninni skal fylgja eftir af skólastjórnendum og jafnréttisnefnd leikskólans.